



Bjarmavöllur í Fnjóskadal

Tjaldstæði fyrir fjölskyldufólk. Svæðið er tilvalið fyrir ættarmót eða aðra hópa. Svæðið er umkringgt skógi, fallegar gönguleiðir í nágrenninu og stutt í sund. Um það bil 30 km til Akureyrar. Gæludýr eru bönnuð á svæðinu.
Ungmennafélagið Bjarmi
Birna s:8483547 eða birnada@simnet.is

Söngur, súpa og söfnun.

Þó að vori bæði seint og illa kemur það ekki í veg fyrir að ég verði sjötug, 70 ára, 31.maí og ætla af því tilefni að hafa opið hús að Ydölum þann sama dag kl 18.00.

- Söngur: Fólk á öllum aldri ætlar að skemmta okkur með söng sínum.

- Súpa: Súpa dagsins - kemur í ljós - kaffi og eitthvað sætt og gott.

- Söfnun: Eins og allir vita er sjötug konan löngu vaxin upp úr þörf fyrir gjafir eða blóm. Þess í stað langar mig að styrkja Krabbameinsfélag S.Þing með frjálsum framlögum, söfnunarkassi verður á staðnum.

Geta má þess að húsið verður með opinn bar fyrir þá sem vilja nýta sér það.
Með góðri kveðju,

Halla Lovísa.

Aðalsafnaðarfundur Nessóknar

verður haldinn í Neskirkju 5 júní n.k klukkan 20:30

Fundarefni: stækkun Kirkjugarðs auk venjulegra aðalfundastarfa

Sóknarnefnd Nessóknar



Sundlaugin á Laugum

Sundlaugin verður lokuð **25. maí til og með 4. júní** vegna árlegs viðhalds laugarinnar og skyndihjálparnámskeiðs starfsfólks. Sumaropnun hefst miðvikudaginn **5. júní**.

Ath.! sumaropnun laugarinnar er eftirfarandi:

Opið mánudaga – fimmtudaga frá kl. 08:00 til 20:00

Opið föstudaga – sunnudaga frá kl. 10:00 til 18:00

Opið alla daga í allt sumar, allir í sund! -

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

125. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 16. maí 2013 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Ársreikningur 2012 – seinni umræða:
3. Fundargerð stýrihóps um skólafestir í Þingeyjarsveit frá 05.02.2013:
4. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 08.05.2013:
5. Fundargerð Fræðslunefndar frá 06.05.2013:
6. Breyting á rekstrarleyfi – Gamli barnaskólinn, Uglan kaffihús:

Til kynningar:

- a. Fundargerðir 238., 239., 240. og 241. fundar stjórnar Eyþings:
- b. Fundargerð 152. fundar HNE og ársreikningur 2012:
- c. Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga og ársreikningur 2012:

Mætt: Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Eíður Jónsson í forföllum Ólínu Arnkelsdóttur, Ární Pétur Hilmarsson og Ásta Svavarsdóttir auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1.Fundarsetning:

Varaoddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 7. lið; Ljósveitingabúð og undir 8. lið; Bréf frá Norðurorku hf. Samþykkt samhljóða.

2.Ársreikningur 2012 – seinni umræða:

Ársreikningur sveitarfélagsins 2012 lagður fram til síðari umræðu ásamt endurskoðunarskýrslu KPMG. Ársreikningur samþykktur samhljóða og undirritaður. Ársreikningurinn verður aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins.

3. Fundargerð stýrihóps um skólafestir í Þingeyjarsveit frá 02.05.2013:

Lögð fram fundargerð stýrihóps um skólafestir í Þingeyjarsveit frá 2. maí s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

4.Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 08.05.2013:

Lögð fram fundargerð Atvinnumálanefndar frá 8. maí s.l. Friðrika gerði grein fyrir fundargerðinni. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

5.Fundargerð Fræðslunefndar frá 06.05.2013:

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 6. maí s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu tillögu nefndarinnar í 1. lið um að veita 1 tíma í afslátt fyrir hvern kennara u.þ.b. 20 tíma í heildina vegna sameiningar skólanna, þar til frekari upplýsinga hefur verið aflað. Fundargerðin staðfest að

Kæru eldri borgarar og öryrkjar



Við hjá Þingeyjarsveit viljum bjóða ykkur upp á garðslátt og léttu garðahirðingu í júní og júlí. Vinnuskólinn mun sjá um þessa þjónustu. Vinnan kostar 8.000 kr. í hvert skipti, en við bjóðum ykkur 50% afslátt.

Endilega hafið samband við Berglindi Gunnarsdóttur í síma 899-9262 eða 588-5888 ef þið viljið fá þessa þjónustu og nánari upplýsingar.

Umsóknir í vinnuskólann 2013

Skráning í vinnuskólann hefst fimmtudaginn 23. maí og fer hún fram á skrifstofu sveitarfélagsins, mögulegt er að hringja skráninguna inn í síma 464-3322.

Vinnuskóli Þingeyjarsveitar verður starfræktur frá 10. júní til 2. ágúst 2013. Hann er opinn öllum íbúum sveitarfélagsins, fæddum 1997-1999, frestur til að sækja um rennur út 31. maí.

Verkefni vinnuskólans eru mjög fjölbreytt. Helstu verkefni eru hreinsun og snyrting beða og göngustíga, gróðursetning, stígagerð, tyrping, hreinsun gatna og lóða, að ógleymdum slætti og rakstri. Einnig mun vinnuskólinn standa fyrir fræðslu og ýmsum uppákomum fyrir unglingana.

Frekari upplýsingar veitir Berglind Gunnarsdóttir Æskulyðs- og tólmstundarfulltrúi Þingeyjarsveitar í síma 899-9262 /588-5888



Leikjanámskeið Eflingar fyrir leikskólaaldur

Stefnt er að því að halda leikjanámskeið fyrir börn á leikskólaaldri alla virka daga milli 3. - 14. júní af þátttaka er næg. Námskeiðið verður milli kl. 13:00 og 14:00.

Foreldrar eru vinsamlegast beðin um að skrá börnin sín á námskeiðið fyrir 30. maí n.k. á netfangið hnikarr@laugar.is

Þátttökugjald er 3000 kr á barn sem þarf að greiðast áður en námskeiðið hefst.

Mínum einnig á að knattspyrnuæfingar Eflingar fyrir börn á aldrinum 6 - 12 ára verða á miðvikudögum í sumar milli kl. 16:00 og 17:00 og hefjast 5. júní. Þátttökugjald er 500 kr á hverja æfingu sem greiðist í lok sumars.

Óska eftir starfskrafti í fullt starf, á svínabúinu á Pálmholti í Reykjadal í sumar, einnig er um að ræða afleysingar yfir vetrarmánuðina. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af bústörfum og geti hafið störf sem allra fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Ingvi í gsm:861-9101

öðru leyti með fimm atkvæðum gegn einu. Árni Pétur Hilmarsson vék af fundi. Ásta Svavarsdóttir greiddi atkvæði á móti og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég harma ákvörðun Fræðslunefndar og sveitarstjórnar um áframhaldandi rekstur tveggja starfstöðva Þingeyjarskóla. Reynsla síðasta vetrar sýnir að nemendur og foreldrar eru óánægðir með núverandi fyrirkomulag. Tel ég affarsælast að skólahald skólans fari fram á einum stað með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Þá tel ég þessi vinnubrögð ekki til marks um ábyrga fjármálastefnu með sérstöku tilliti til síðasta ársreiknings.“

Þá lagði meirihluti sveitarstjórnar fram eftirfarandi bókun:

„Meirihlutinn bendir á að ekki er verið að taka nýja ákvörðun um rekstrarform Þingeyjarskóla. Jafnframt vekur meirihlutinn athygli á að fræðslumálin fóru u.þ.b.1% fram úr áætlun samkvæmt ársreikningi 2012.“

6. Breyting á rekstrarleyfi – Gamli barnaskólinn, Uglan kaffihús:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík um breytingu á rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar í flokki I, Gamla barnaskólans Skógum, Uglan kaffihús þar sem Valgerður H. Bjarnadóttir er leyfishafi. Agnes Þ. Guðbergsdóttir óskar eftir að taka við rekstri kaffihússins Uglu í þrjá mánuði undir rekstri Systragils með rekstrarleyfi Valgerðar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytingu á rekstrarleyfi.

7. Ljósveitingabúð:

Lagt fram erindi frá Róberti Melax dags. 12. maí s.l. þar sem hann óskar eftir viðræðum við sveitarfélagið um kaup á félagsheimilinu Ljósveitingabúð.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur formanni Félags- og menningarmálanefndar og sveitarstjóra að ræða við viðkomandi.

8. Bréf frá Norðurorku hf.:

Lagt fram bréf frá Helga Jóhannessyni f.h. Norðurorku hf. þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar um áframhaldandi rannsóknir við Hrafnabjörg í Bárðardal; Hrafnabjargavirkjun. Bréfið er sent í framhaldi af ákvörðun Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar ehf. um að nýta sér ekki forkaupsrétt sinn í þeim hluta Orkuveitu Reykjavíkur sem nú er til sölu í Hrafnabjargavirkjun ehf., auk þess að hafa óskað eftir viðræðum við aðra hluthafa Hrafnabjargavirkjunar ehf. um að þeir kaupi hlut Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar ehf. í félaginu sem er nú 2,5%.

Sveitarstjórn er jákvæð fyrir rannsóknnum á svæðinu en ítrekar eftirfarandi stefnumótun sveitarfélagsins sem sett er fram í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, í kaflanum *Framtíðarsýn og meginmarkmið*:

„Það er stefna sveitarfélagsins að nýta vatnsafl í sveitarfélaginu enda sé það til hagsbóta fyrir íbúa þess og í samræmi við sjálfbæra þróun. Þingeyjarsveit telur eftirsóknarvert að kanna frekar framtíðarmöguleika á og kosti þess að byggja fleiri virkjanir til einkanota sem og orkusölu á frjálsum raforkumarkaði, en sveitarfélagið er á móti hugmyndum um að virkja Skjálfandafljót.“

Til kynningar:

- Fundargerðir 238., 239., 240. og 241. fundar stjórnar Eyþings;
- Fundargerð 152. fundar HNE og ársreikningur 2012;
- Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga og ársreikningur 2012: Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00

Arnór Benónýsson
Margrét Bjarnadóttir
Friðrika Sigurgeirsdóttir
Árni Pétur Hilmarsson

Eiður Jónsson
Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Ásta Svavarsdóttir



Frjálsíþróttaskóli Ungmennafélags Íslands



2013

Frjálsíþróttaskóli UMFI er kjörð tækifæri fyrir öll ungmenni á aldrinum 11–18 ára til að efla sig í frjálsum íþróttum og kynna öðrum ungmennum.

Auk íþróttæfinga verða ýmsar óvæntar upptökur, kvöldvökur, gönguferðir og fleira skemmtilegt sem eflir félagsandann.

Skólinn hefst á mánudegi og lýkur á föstudegi. Innifalið í verði, kr. 20.000, er gisting, matur og kennsla.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu UMFI www.umfi.is og í síma 568-2929.

Frjálsíþróttaskólinn er í samvinnu við Frjálsíþróttasamband Íslands og héraðssamböndin innan UMFI.

Frjálsíþróttaskólinn verður haldinn á eftirtöldum stöðum:

- Laugar í Reykjadal 10.–14. júní
- Egilsstaðir 10.–14. júní
- Borgarnes 24.–28. júní
- Selfoss 8.–11. Júlí
- Sauðárkrúkur 22.–26. júlí



21.tbl.
23. maí
2013
20. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



Brautskráningarhátíð 2012

Ágætu Þingeyingar og allir velunnarar skólans

Við brautskráum nýstúdentana okkar við hátíðlega athöfn í íþróttahúsi Framhaldsskólans á Laugum laugardaginn 25. maí 2013 kl. 14.00.

Verið öll hjartanlega velcomin ,að gleðjast með okkur og þiggið kaffiveitingar að athöfn lokinni.

Skólameistari
Framhaldsskólans á Laugum